

Þriðjudaginn 26. febrúar 1980.

Nr. 196/1978. Óskar Gíslason og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Hilmar Árnason hrl.)
gegn
Eysteini Guðmundssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1978. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsvörn sína fyrir héraðsdómi reistu áfrýjendur á því tvennu, að stefndi hefði ekið of hratt og bifreið hans verið vanbúin til aksturs vegna slitinna hjólbarða og bilaðs hemlabúnaðar, áður en áreksturinn varð. Ekki verður með vissu ráðið af skýrslu Sigbórs R. Steingrímssonar bifreiðaeftirlitsmanns eða öðrum gögnum máls, að hemlar bifreiðarinnar, sem brugðust, þegar á reyndi, hafi verið í lagi fyrir áreksturinn, en það stóð stefnda næst að hlutast til um, að reynt væri að leiða þetta í ljós. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að skipta beri tjóni stefnda milli málsaðilja. Þykir rétt samkvæmt 68., 69., 70. og 74. gr. laga nr. 40/1968, að áfrýjendur bæti honum tjónið að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Agreiningslaust er, að tjón stefnda nam 340.720 krónum. Af því ber áfrýjanda samkvæmt framansögðu að bæta honum helming, eða 170.360 krónur. Frá þeirri fjárhæð verða

dregnar 115.000 krónur, sem stefndi hefur þegar fengið goldnar. Standa þá eftir 55.360 krónur, sem áfrýjendur verða dæmdir til að greiða stefnda óskipt með vóxtum, svo sem krafist er, enda er vaxtakröfunni ekki mótmælt fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Eysteini Guðmundssyni, óskipt 55.360 krónur með 19% ársvóxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ljóst verður að telja, að aðalhemlakerfi bifreiðarinnar R 53278 hafi bilað við hemlunarálag, er ökumaður reyndi að forðast árekstur. Ósannað er, að því hafi verið áfátt áður. Verður bilun þessi eigi lögð stefnda til lasts við sakarmat skv. 68. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hins vegar reyndist handhemill óvirkur og hjólbarðar á afturhjólum sléttslitnir. Samkvæmt lögregluskýrslu var sólskin og hvorki ísing né hálfka á akbraut, er árekstur varð. Verður brot stefnda á 1. gr. reglugerðar nr. 102/1973 um breytingu á reglugerð nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl., sem honum er gefið að sök í héraðsdómi, svo og vanbúnaður handhemils eigi talið geta hafa átt nema lítinn þátt í árekstrinum og að minnsta kosti eigi meiri en sem nemi þeim einum þriðja hluta, sem stefndi er talinn bera ábyrgð á í héraðsdómi.

Þar sem hinum áfrýjaða dómi hefur ekki verið gagnáfrýjað, þykir bera að staðfesta hann að niðurstöðu til samkvæmt

því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Eysteini Guðmundssyni, óskipt 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þ. m., hefur Eysteinn Guðmundsson, Flúðaseli 90, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. apríl 1978, á hendur Óskari Gíslasyni bifreiðarstjóra, Skeggjagötu 5, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til heimtu skaðabóta að eftirstöðvum kr. 225.720 með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum lánastofnana (19% ársvöxtum) frá 30. mars 1978 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæðir þessar in solidum.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 30. mars 1978, laust fyrir kl. 0900 að morgni, ók stefnandi bifreið sinni, R 53278, Saab 96, fólksbifreið, árgerð 1970, norður Snorrabraut hér í borg. Kveðst hann telja, að hann hafi ekið á 40—45 km hraða. Er hann átti stutt ófarið að Njálsgötu, ók stefndi Óskar bifreið sinni, R 453, Mercury Comet fólksbifreið, austur Njálsgötu áleiðis yfir Snorrabraut og stöðvaði bifreið sína við eyju þá, er skilur að akbrautir Snorrabrautar. Stefndi Óskar leit eftir umferð um Snorrabraut og kveðst enga bifreið hafa séð, og því ók hann aftur

af stað yfir eystri akrein Snorrabrautar þvert í veg fyrir bifreið stefnanda. Stefnandi kveðst þegar hafa nauðhemlað, en hemlakerfið hafi brostið undan hinu mikla átaki, þannig að bifreið hans hafi runnið lengra fyrir þá sök og leitað jafnframt til hægri. Bifreið stefnanda rakst aftast á hægri hlið bifreiðar stefnda Óskars og sneri henni í hálfhring og rann síðan áfram og upp á gangstétt norðan Njálsgötu, þar sem hún stöðvaðist.

Lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið, tóku skýrslur af öikumönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu þeirra segir, að sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum hafi verið þær, að hægri afturbretti, afturhorn og afturhöggvari á bifreiðinni R 453 hafi beyglast, en R 53278 sé mikið skemmd að framan og öökufær.

Þar sem hemlar bifreiðarinnar R 53278 virtust ekki virka eftir áreksturinn, var bifreiðaeftirlitsmaður fenginn til þess að athuga það, hvort um skyndibilun hefði verið að ræða. Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, Sigbórs R. Steingrímssonar, segir m. a. svo:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var óökuhæf. Fóthemill gekk að gólfi, en festi hægri framhjól þar, en ekki það vinstra. Á afturhjólum voru ekki hemlar, þar sem vökvi lak út úr hægri afturhjól. Þessi bifreið er búin tvöföldu hemlakerfi. Handhemill var óvirkur. Bifreiðin var búin sléttslitnum hjólbörðum á afturhjólum, en vetrarhjólbörðum að framan með nöglum. Annað, sem hægt var að athuga vegna skemmda, virtist vera í lagi.

Rúður voru nokkuð hreinar.“

Bæði formaður dómsins og lögmaður stefnanda hafa haft samband við Sigbór R. Steingrímsson bifreiðaeftirlitsmann og innt hann eftir því, hvort hann gæti eitthvað borið frekar um þessa skoðun sína á bifreiðinni R 53278 en í skýrslu hans greinir. Sigbór lýsti því yfir, að hann myndi ekkert eftir þessu og gæti engu bætt við það, sem hann hefur skráð í skýrslu sína.

Stefnandi hefur borið hér fyrir dómnum, að hemlar bifreiðar hans hafi verið góðir fyrir áreksturinn. Hann kvaðst hafa athugað það eftir áreksturinn með fyrrgreindum bifreiðaeftirlitsmanni, hvort um skyndibilun hefði verið að ræða á bremsukerfinu eða ekki, og þá hefði komið í ljós, að bremsuglussi í forðabúrinu hafi minnkað um leið og stigið var á hemlana. Þannig taldi hann, að hér hefði verið um skyndibilun að ræða.

Það er ágreiningslaust í málinu, að eignatjón stefnanda af völdum árekstursins nemi kr. 310.000 og tjón vegna afnotamissis kr.

30.720. Stefnandi hefur fengið tjón sitt bætt að einum þriðja hluta, þ. e. kr. 115.000, þannig að eftir stendur stefnufjárhæðin. Hið stefnda váttryggingarfélag, sem hafði bifreiðina R 453 í lögboðinni ábyrgðartryggingu, hefur eigi reynst fánlegt til að gangast við ríkari bótaábyrgð á tjóni hans. Kvittaði stefnandi því fyrir móttöku greiðslunnar með fyrirvara og áskilnaði um málssókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Óskar, hafi einn átt sök á árekstrinum með því að rækja ekki biðskyldu við framangreind gatnamót, sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. nr. 40/1968, heldur aka í blindni út á fjölfarna aðalbraut í veg fyrir bifreið stefnanda, sem þá hafi verið skammt undan. Það sé ljóst, að akstur stefnda Óskars hafi verið mjög gáleysislegur og sérstaklega fallinn til þess að raska umferðaröryggi á fjölfarinni aðalbraut.

Stefndu styðja sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi sjálfur alla höfuðsök á árekstrinum með háskalegum vanbúnaði bifreiðar sinnar og of hröðum akstri. Stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hafi þegar bætt stefnanda tjón hans að 1/3 hluta, en ekki talið efni til ríkari bótaábyrgðar. Í þessu sambandi benda stefndu enn fremur á, að áreksturinn hafi ekki orðið á Snorrabraut, heldur Njálsgötu, en þangað hafi stefnandi elt bifreið stefnda uppi. Orsök þess sé að leita í ólöglegum dekkjabúnaði bifreiðar stefnanda og biluðum hemlabúnaði og hafi þar ekki verið um neina skyndibilun að ræða, sbr. skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins hér að framan. Þá bendi lengd hemlafara og harka árekstursins til þess, að bifreið stefnanda hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. Af þessum ástæðum telja stefndu ekki rök til annars en sýknu.

Niðurstaða dómsins.

Stefndi Óskar Gíslason virti að vettugi biðskyldu gagnvart umferð eftir Snorrabraut. Þar með braut hann ákvæði 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og telst því eiga höfuðsök á árekstrinum. Hins vegar verður að telja, að stefnandi eigi einnig nokkra sök á árekstrinum, þar sem hjólbarðar bifreiðar hans voru þannig, að á framhjólum voru negldir vetrarhjólbarðar, en að aftan var bíllinn á sléttslitnum hjólbörðum. Þetta er brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 102/1973 um breytingu á reglugerð nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl. Þá er og á það að líta, að hemlakerfi bifreiðar stefnanda bregst, þegar á reynir, og á því verður lögð objektiv ábyrgð á stefnanda, sem telst heim-

ilt samkvæmt niðurlagi 68. gr. nefndra umferðarlaga. Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn rétt að skipta tjóninu þannig milli málsaðilja, sbr. 68. gr. margnefndra umferðarlaga, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum, en hann beri $\frac{1}{3}$ hluta tjóns síns sjálfur.

Tjón stefnanda af völdum árekstursins nemur samtals kr. 340.720. Tveir þriðju hlutar þeirrar fjárhæðar eru kr. 227.146. Stefnandi hefur þegar fengið greiddar kr. 115.000 af þeirri fjárhæð. Eftir standa þá kr. 112.146, sem stefndu eru dæmdir in solidum til þess að gjalda stefnanda auk 19% ársvaxta frá 30. mars 1978 til greiðsludags, enda eru það nú lögleyfðir innláns-vextir, og þykja mótmæli af hálfu stefndu gegn vaxtakröfunni því ekki hafa við rök að styðjast.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir in solidum til að gjalda stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 85.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Bent Jørgensen og Finnboga Eyjólfssyni bifvélavirkjameisturum

Dómsorð:

Stefndu, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnandanum, Eysteini Guðmundssyni, kr. 112.146 með 19% ársvöxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og kr. 85.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.